

# Ársskýrsla

## Grunnskóla Borgarfjarðar



2022 – 2023



Formáli.....	4
Inngangur .....	5
Hagnýtar upplýsingar .....	5
Skólastjórnendur .....	5
Nefndir og ráð .....	5
Skólaráð .....	5
Nemendaverndarráð.....	6
Áfallaráð .....	6
Eineltisteymi.....	6
Stjórn nemendafélags .....	6
Nemendafjöldi.....	6
Starfsmenn .....	7
Húsnæði.....	9
Skólalóð .....	10
Bókasafn .....	10
Skóladagatal og starfsáætlun .....	11
Samstarf heimila og skóla.....	12
Akstur .....	12
Áherslur í skólastarfi.....	13
Hlutverk .....	13
Framtíðarsýn .....	13
Einkunnarorð .....	13
Gildi.....	13
Heimaskóli menntavísindasviðs HÍ og HA .....	14
Leiðsagnakennsla .....	14
Samstarf leik- og grunnskóla .....	14
Samstarf grunn- og menntaskóla .....	14
Samstarf grunn- og háskóla.....	14
Þróunarstarf og verkefnahópar .....	14
Grænfáni/Leiðtoginn .....	14
Heilsuefling.....	16
Innra mat/námsmat .....	16
Forvarnarhópur fyrir einelti.....	17



Réttindaskóli.....	17
Símenntun .....	18
Námsmat .....	18
Gæðagreinir/ skólapúls .....	19
Skýrslur kennara .....	19
Yngsta stig.....	19
Hvanneyri .....	20
Kleppjárnsreykir.....	21
Varmaland .....	23
Miðstig.....	24
Kleppjárnsreykir.....	25
Varmaland .....	27
Unglingastig.....	28
Kleppjárnsreykir.....	29
Varmaland .....	31
Hugleiðsla og slökun.....	33
Nemendaráð.....	33
Smiðjuhelgar 8.- 10. bekkur .....	34



## Formáli

Ársskýrsla Grunnskóla Borgarfjarðar kemur nú út í þrettánda sinn. Skólinn hefur starfað í þrettán ár eftir sameiningu og eru starfsstöðvar hans þrjár, á Hvanneyri, Kleppjárnsreykjum og Varmalandi. Skýrslan er send til sviðsstjóra fjölskyldusviðs Borgarbyggðar og fræðslunefndar. Hún er vistuð á vefsíðu skólans <https://www.gbf.is/skolinn/arsskyrslur/>

Markmið með útgáfu skýrslunnar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem fer fram í Grunnskóla Borgarfjarðar, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu. Hún mun nýtast sem góð heimild um skólastarfið í heild sinni frá ári til árs. Skýrsluna prýða ýmsar myndir úr skólastarfinu sem gefa lesendum innsýn í það, ásamt því að gera hana líflegri. Að gerð skýrslunnar koma: skólastjórnendur, kennarar og ritarar.



## Inngangur

Skólstarfið hófst þegar kennarar og starfsfólk mætti til starfa þann 15. ágúst að loknu sumarleyfi til að undirbúa skólstarfið. Í upphafi dags var sameiginlegur starfsmannafundur og að honum loknum hófst undirbúningur.

Fundað var með skólabílstjórum þar sem farið var yfir ýmis mál er tengjast skólaakstri, svo sem öryggismál, gæslu í skólabílum, tímaplön, akstursleiðir o.fl.

Skólasetning var 22. ágúst. Tímasetningar voru eftirfarandi: Á Hvanneyri kl. 10:00. Á Kleppjárnsreykjum kl 12:00 og á Varmalandi var skólasetning kl 14:00. Að lokinni skólasetningu var farið inn í bekkjardeildir þar sem kennarar voru með stuttar kynningar á skólanum og um væntanlegt skólstarf. Kennsla samkvæmt stundatöflu hófst 23. ágúst.

## Hagnýtar upplýsingar

### Skólastjórnendur

Helga Jensína Svavarsdóttir skólastjóri

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir aðstoðarskólastjóri og stigstjóri unglíngastig

Sólrún Halla Bjarnadóttir deildarstjóri yngsta- og miðstigs

María Jónsdóttir deildarstjóri sérkennslu

Þetta árið fóru stjórnendur á milli starfsstöðva og var stjórnunin skipulögð út frá aldursstigum yngsta - mið og unglínginga í stað starfsstöðva. Markmið breytinganna var að efla faglega stjórnun við skólann og samvinnu kennarateyma milli starfsstöðva.

Stjórnendur skiptu með sér verkefnum og voru jafnt stjórnendur allra starfsstöðva.

Verkaskipting stjórnenda og viðvera eru á heimasíðu skólans hér:

<https://www.gbf.is/skolinn/stjornun/>

### Nefndir og ráð

#### Skólaráð

Í skólaráði sitja skólastjóri, tveir fulltrúar kennara, tveir fulltrúar nemenda og þrjú fulltrúar foreldra en einn fulltrúi foreldra er jafnframt fulltrúi grenndarsamfélags. Skólaráð fundaði fimm sinnum á þessu skólaári.

Í skólaráði fyrir skólaárið 2022-23 voru:

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir fulltrúi stjórnenda

Elísabet Halldórsdóttir fulltrúi kennara

Lára Kristín Gísladóttir fulltrúi kennara

Lilja Gissuradóttir fulltrúi starfsmanna

Alex Þór Gíslason fulltrúi nemenda

Jón Bjarni Guðmundsson fulltrúi nemenda

Erna Guðný Jónsdóttir fulltrúi foreldra á Hvanneyri

Sóley Birna Baldursdóttir fulltrúi foreldra á Kleppjárnsreykjum

Eva Ösp Matthíasdóttir fulltrúi foreldra á Varmalandi



## Nemendaverndarráð

Í nemendaverndarráði sitja skólastjórnendur, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og fulltrúi skólaþjónustu. Ráðið fundar einu sinni í mánuði.

Í nemendaverndarráði skólaárið 2022-23 voru:

Helga J. Svavarsdóttir skólastjóri

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir aðstoðarskólastjóri

María Jónsdóttir deildarstjóri sérkennslu

Sólrún Halla Bjarnadóttir deildarstjóri

Lára María Karlsdóttir hjúkrunarfræðingur

Margrét Gísladóttir skólaþjónustu

Fjóla Benediktsdóttir námsráðgjafi

Silja Rut Jónsdóttir sálfræðingur

## Áfallaráð

Í áfallaráði situr námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur, skólastjóri og stjórnandi þess stigs sem málið varðar. Auk þeirra er sóknarprestur viðkomandi sóknar ráðinu til stuðnings.

## Eineltisteymi

Í eineltisteymi sitja skólastjórnendur, námsráðgjafi og umsjónarkennari þeirra nemanda sem málið varðar.

## Stjórn nemendafélags

Í stjórn nemendafélags GBF skólaárið 2022-23 voru:

Ernir Daði Arnberg Sigurðsson

Erla Ýr Pétursdóttir

Steinunn Bjarnveig Eiríksdóttir

Hlynur Blær Tryggvason

Jón Bjarni Guðmundsson

Sigurður Örn Davíðsson

## Nemendafjöldi

Við upphaf skólaársins 2022-2023 voru nemendur skólans 164 en við lok 181.

Bekkur	Hvanneyri			Kleppjárnsreykir			Varmaland			Grunnskóli Borgarfjarðar
	Drengir	Stúlkur	Samtals	Drengir	Stúlkur	Samtals	Drengir	Stúlkur	Samtals	Nemenda-fjöldi haust 2022
1.	3	2	5	4	1	5	4	1	5	15
2.	4	1	5	3	6	9	5	1	6	20
3.	3	4	7	0	7	7	2	2	4	18
4.	8	0	8	1	3	4	2	3	5	17
5.	3	2	5	3	5	8	0	2	2	15
6.				12	6	18	1	0	1	19



7.				11	3	14	2	1	3	17
8.				4	2	6	1	1	2	8
9.				9	7	16	4	1	5	21
10.				5	4	9	4	1	5	14
Samtals	21	9	30	52	44	96	25	13	38	164

Bekkur	Hvanneyri			Kleppjárnsreykir			Varmaland			Grunnskóli Borgarfjarðar
	Drengir	Stúlkur	Samtals	Drengir	Stúlkur	Samtals	Drengir	Stúlkur	Samtals	Nemenda-fjöldi vor 2023
1.	3	2	5	4	1	5	5	5	10	20
2.	4	1	5	3	5	8	4	3	7	20
3.	3	4	7	0	7	7	7	3	10	24
4.	8	0	8	1	3	4	2	5	7	19
5.	3	1	4	3	5	8	0	2	2	14
6.				12	5	17	2	1	3	20
7.				10	3	13	3	1	4	17
8.				3	2	5	2	3	5	10
9.				10	6	16	5	1	6	22
10.				5	5	10	3	2	5	15
Samtals	21	8	29	51	42	93	33	26	59	181

Á Hvanneyri var kennt í tveimur bekkjardeildum þ.e. samkennt í 1. - 3. bekk og 4. – 5. bekk.

Á Kleppjárnsreykjum var kennt í þremur bekkjardeildum þ.e. samkennt í 1. - 4. bekk, 5. - 7. bekk og 8. - 10. bekk.

Á Varmalandi var kennt að hausti í tveimur bekkjardeildum, 1. - 7. bekkur og 8. - 10. bekkur. Um áramótin var bekkjardeildum breytt vegna fjölgunar nemenda og þá var samkennt í 1. – 3. bekk, 4. – 7. bekk og 8. – 10. bekk.

## Starfsmenn

Agnes Guðmundsdóttir	Grunnskólakennari		100 %
Anna Dís Þórarinsdóttir	Grunnskólakennari	Skólaíþróttir og almenn kennsla	100 %
Anna Helga Sigfúsdóttir	Leiðbeinandi e. áramót	4. - 5. bekkur	100%
Anna Kristín Gunnarsdóttir	Grunnskólakennari	1.- 3. bekkur	100 %
Anna Sigríður Hauksdóttir	Matráður		80 %
Auður Helgadóttir Möller	Grunnskólakennari	1.- 4. bekkur	93 %
Ása Erlingsdóttir	Grunnskólakennari	8. – 10. bekkur	100 %
Ásdís Ýrr Einarsdóttir	Skólaliði		90 %
Berglind Ósk Guðjónsdóttir	Stuðningsfulltrúi	í leyfi	
Björg Ólafsdóttir	Grunnskólakennari		50%



Björk Jóhannsdóttir	Grunnskólakennari	List- og verkgreinar	50 %
Dariia Mysiura	Skólaliði og stuðningsfulltrúi		100%
Elena Lobko	Leiðbeinandi	4. - 7. bekkur	100%
Elísabet Halldórsdóttir	Velferðar- og sérkennari		80 %
Eva Lind Jóhannsdóttir	Grunnskólakennari	List- og verkgreinar	80 %
Eva Ösp Matthíasdóttir	Grunnskólakennari		100 %
Fjölur Jónsson	Stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístund		100 %
Gróa Erla Ragnvaldsdóttir	Grunnskólakennari	List- og verkgreinar	100 %
Guðjón Guðmundsson	Grunnskólakennari	Skólaípróttir	100 %
Halldóra Ingimundardóttir	Bókavörður/ritari		100 %
Heiðbjört Ósk Ásmundsd.	Skólaliði		100 %
Helga Björg Valgeirsdóttir	Matráður		100 %
Helga Jensína Svavarsdóttir	Skólastjóri		100 %
Helle Larsen	Stuðningsfulltrúi		85 %
Inga Berta Bergsdóttir	Aðstoðarmatráður		80%
Ingibjörg Adda Konráðsd.	Aðstoðarskólastjóri		100 %
Íris Inga Grönfeldt	Grunnskólakennari	Skólaípróttir	61,53 %
Jóhanna M. Þorvaldsdóttir	Grunnskólakennari	Í leyfi	
Kolbrá Höskuldsdóttir	Grunnskólakennari til áramóta	4. – 5. bekkur	100 %
Kristín Kristjánsdóttir	Skólaritari		30%
Lára Kristín Gísladóttir	Grunnskólakennari	1.- 4. bekkur	100 %
Lilja Gissurardóttir	Proskapjálfi	Hætti 1. mars	100 %
Magnea Helgadóttir	Grunnskólakennari		70 %
Marínó Muggur Þorbjarnarson	Leiðbeinandi e. áramót	1. – 3. bekkur	100%
María Jónsdóttir	Deildarstjóri sérkennslu		100 %
Ólafur Daði Birgisson	Stuðningsf.f. áramót leiðbeinandi e. áramót	4. – 7. bekkur Nemendaráð	100 %
Ragnar Línal Evuson	Stuðningsfulltrúi og starfsmaður í frístund		100 %
Ragnhildur Anna Ragnarsd.	Matráður		100 %
Rebekka Guðnadóttir	Grunnskólakennari	Sérverkefni	49,9%





René Bredtoft Madsen	Grunnskólakennari	8. - 10. bekkur	100 %
Rögvaldur Þorbjarnarson	Húsvörður		80 %
Sigríður Arnardóttir	Grunnskólakennari	Í leyfi	
Sigríður Sjöfn Helgadóttir	Leiðbeinandi til áramóta	1.- 7. bekkur	100 %
Sigrún Kristjánsdóttir	Húsvörður og skólaliði		100 %
Sólrún Halla Bjarnadóttir	Deildarstjóri		100 %
Steinunn Fjóla Benediktsd.	Verkefnastjóri	Í leyfi	50 %
Sunna Kristín Gunnlaugsdóttir	Leiðbeinandi		80%
Sæunn Elfa Sverrisdóttir	Bókavörður, skólaliði og stuðningsfulltrúi		90 %
Sæunn Ósk Kjartansdóttir	Grunnskólakennari	5. – 7. bekkur	100 %
Unnar Þorsteinn Bjartmarss.	Grunnskólakennari	Verkgreinar	50 %
Unnur Jónsdóttir	Grunnskólakennari		100 %
Valeríia Tykalo	Skólaliði og stuðningsfulltrúi		100%
Vigdís Sigvaldadóttir	Grunnskólakennari	5. - 7. bekkur	100 %
Þóra Geirlaug Bjartmarsd.	Grunnskólakennari	8. – 10. bekkur	100 %
Þóra Magnúsdóttir	Grunnskólakennari		100 %
Þórir Örn Hafsteinsson	Skólaliði og stuðningsf.		80%
Þórunn Jóna Kristinsdóttir	Skólaliði og stuðningsfulltrúi	Í leyfi	
Þuríður Ketilsdóttir	Stuðningsfulltrúi		90 %

## Húsnæði

### Hvanneyri

Kennsla fer fram í tveimur byggingum, barnaskólanum og íþróttahúsi Landbúnaðarháskólans. Í barnaskólanum eru þrjár almennar kennslustofur, myndmenntarstofa, tvö minni kennslurými, bókasafn, starfsmannaaðstaða og eldhús. Íþróttakennsla fer bæði fram utan dyra og í íþróttahúsinu. Sundkennslan fór fram í Hreppslaug. Nemendur borða hádegismat í holi í anddyri skólans. Frístund er starfrækt í skólahúsnæði eftir skólatíma til kl. 16:00.

### Kleppjárnsreykir

Kennsla fer fram í þremur byggingum; í grunnskólanum, smáhýsi við skólann og í íþróttahúsinu á Kleppjárnsreykjum. Í grunnskólanum eru tvær kennslustofur, ein færanleg kennslustofa, smíðastofa, námsver, skólasafn, félagsaðstaða nemenda, starfsmannaaðstaða og mötuneyti. Í smáhýsinu fer fram mynd- og textílmennar kennsla. Í íþróttahúsinu fer fram öll íþróttakennsla og sundkennsla í sundlauginni á Kleppjárnsreykjum. Frístund er starfrækt í skólahúsnæði eftir skólatíma til kl. 16:00.

## Varmaland

Kennsla fer fram í tveimur byggingum: í grunnskólanum og í íþrótt- og félagsheimilinu Þinghamri. Almenn kennsla fer fram í grunnskólanum en þar er einnig skólasafn, textíl- og myndmenntastofa, starfsmannaaðstaða, skrifstofa ritara og mötuneyti. Í Þinghamri er íþróttasalur, sundlaug, smíðastofa og aðstaða fyrir heimilisfræðikennslu.

## Skólalóð

### Hvanneyri

Skólalóðin er miðsvæðis og liggur ekki að umferðargötum. Lóðin er að mestu leyti möl en hellulagt var frá inngangi að steypa vellinum og í kringum rólur eru gúmmímottur. Á lóðinni er góður gervigrasvöllur og steypur körfubolta/fótboltavöllur. Einnig eru klifurgrind, pannavöllur, ærslabelgur og aparóla. Í nágrenni skólans er svæði sem er nýtt sem útinámssvæði skólans. Það kallast Skjólbeltin og hefur verið nýtt í samstarfi við leikskólann Andabæ og Landbúnaðarháskólann. Þar er grasflöt umlukin trjám og þar er svið, fuglaskoðunarkofi og yfirbyggt eldstæði.

### Kleppjárnreykir

Skólalóðin hefur tekið breytingum þar sem bílastæðin voru tekin undir leiksvæði. Þar er pannan og körfuboltavöllur. Í porti sem myndast af skólabyggingunni eru leiktæki og í kringum þau gúmmímottur. Utar er stór gras-fótboltavöllur og grasflatir umhverfis skólann sem nýtast sem leiksvæði. Einnig er sparkvöllur við íþróttahúsið. Skólinn hefur einnig til umráða gamalt tún í næsta nágrenni svokallað Læknistún og þar hefur verið unnið að aðstöðu fyrir útikennslu með byggingu skýlis og gerð eldstæðis. Þar hafa einnig verið gróðursettar plöntur til skjólmyndunar.

## Varmaland

Náttúrulegt umhverfi skólans, skógur og hnjúkurinn hentar vel til útivistar og útináms. Við skólann er fótbolta og körfuboltavöllur, strandblaksvöllur, pannavöllur, frjálsíþróttasvæði og leikvöllur bæði fyrir framan skólann og í skóginum.

## Bókasafn

Markmið safnanna er að styðja sem best við allt það starf sem fram fer í skólanum. Þar er mikið úrval bóka sem nýtist bæði nemendum og kennurum við nám og starf í skólanum. Einnig er leitast við að það sé aðlaðandi, rólegt og notalegt að vera. Bókaverðir sjá um allt utanumhald á safnkosti; innkaup, skráningu, frágangi og útlánum og sinnir einnig innkaupum og skráningu á námsbókum. Nemendur eru mjög duglegir að koma og skoða og fá sér bækur en reynt er að vera með nýjar bækur reglulega sem hæfa öllum aldri.

Safnið er þó nokkuð notað fyrir frístund, verkefnavinnu og stuðningskennslu. Tekist hefur að gera bókasafnið að þeim stað sem gott er að koma á. Kennarar sjá um hefðbundin lestrarátök og yndislestur. Gott samstarf er á milli deilda og við Héraðsbókasafnið um lán á bókum.

Forlagið blés til bókamessu um miðjan nóvember eins og undan farin ár og bauð öllum skólabókasöfnum að koma í Hörpuna og kaupa nýju jólabækurnar á verulegum afslætti. Bókakvótinn er svipaður og í fyrra. Tekist hefur að kaupa vinsælustu barna- og unglingsbækurnar. Margir bókahöfundar voru á staðnum og kynntu bækur sínar og árituðu.



Mjög skemmtilegt framtak og vel sótt. Á Hvanneyri er bókavörður í 15 % starfi auk kennslu, á Kleppjárnsreykjum er bókavörður í 50 % starfi auk ritarastöðu og á Varmalandi er 30 % staða bókavörðar sem einnig er stuðningsfulltrúi og skólaliði.

Halldóra Ingimundardóttir, Sæunn Elfa Sverrisdóttir og Þóra Magnúsdóttir

## Skóladagatal og starfsáætlun

Skóla- og viðburðadagatal skólaársins 2022-2023 má sjá á heimasíðu skólans <http://gbf.is> sem og starfsáætlun skólans.

Fastir viðburðir:

Mánuður	Hvanneyri	Kleppjárnsreykir	Varmaland
Ágúst - september	- Ferð í Oddsstaðarétt - Sundkennsla		- Þverárrétt 4. - 5. b.
		- Kosið í nemendaráð - Hópeflisferð – unglingastig	
	- Námsefniskynningar – menntabúðir/leiðtogadagur - Starf bekkjartengla skipulagt - Yngsta- og miðstigs leikar - fjölgreindarleikar - Dans og félagsfærninámskeið - Samstarf við leikskólana skipulagt		
Október		- Heimsókn 1.bekkjar í leikskólann	
		- Haustfagnaður unglingadeildar - Smiðjuhelgi - Laugarvatnsferð 9.bekkjar - Samstarfsdagur með MB	
		- Forvarnardagurinn - Þemadagar - Samtal við foreldra - Hrekkjavaka	
Nóvember	-Heimsókn í leiksk. 1.-2. b. - Heimsókn í Lbhí 3.-5. b.	- Ljósahátíð (leikskólahóp boðið)	- Heimsókn í leiksk. 1. b.
		- Jólball samstarfsskólanna	
		- Dagur íslenskrar tungu	
Desember	- Kaffihúsadagur 1. des - Jólátrésferð - 4.b. les úti á leiksk. - Jólakortasala - Helgileikur	- Jólátré valið í Logalandsskógi	- Vinakeðja mynduð 1.des
		- Litlu jólin	
Janúar	- 3. b. les á leikskóla - Söngvaskemmtun	-Heimsókn í leikskólann 5. b.	
		- Söngvarakeppni 4. - 10. bekkur - Þemadagar - Samtal við foreldra -Menningarferð í Borgarnes 1.-3. bekkur	



Febrúar	- Öskudagshátíð -sundkennsla	- Reykjaferð 7. bekkjar	
		- Þemadagar - Grímuball -Skíðaferð 1. – 6. bekkjar	
<b>Mánuður</b>	<b>Hvanneyri</b>	<b>Kleppjárnreykir</b>	<b>Varmaland</b>
Mars	- Spiladagur 1.-2. bekkur á leikskólanum	- Stóra upplestrarkeppnin 7. bekkur - Skólahreysti - Samstarfsdagur með MB	
		- Skauta- og menningarferð 4. - 5. bekkjar -árshátíðir deilda	
Apríl		- Smiðjuhelgi - Lyngbrekkuball	
Mai/júní	- Sundkennsla í Hreppslaug	- Sérstaða sveitaskóla unglíngastígs	
		-Samstarfsdagur/uppbot deilda Starfskynningar 10.bekkja - Vorferð 7. – 10. bekkjar	

### Samstarf heimila og skóla

Samkvæmt lögum á að vera starfandi skólaráð við skólann. Í því sitja 8 einstaklingar sem sitja tvö ár í senn, sjá nöfn fulltrúanna undir kaflanum *Nefndir og ráð* hér að ofan. Skólaráðið er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólastarf. Skólaráðið fundaði fjórum sinnum á skólaárinu.

Bekkjartenglar voru boðaðir á fund að hausti þar sem farið var yfir hlutverk og starfsemi foreldrafélags skólans og bekkjarsáttmáli heimilis og skóla lagður fram. Lagt var upp með að bekkjartenglar hvers bekkjar myndu gera eitthvað með hópnum einu sinni til tvisvar sinnum yfir veturinn. Skólinn nýtur mikils velvilja í nærsamfélaginu, fyrir það ber að þakka.

Foreldrasamstarf í vetur hefur verið betra en árin áður þar sem nú var Covid ekki að trufla okkur. Sent var út foreldrakönnun Skólalúlsins og framhaldskönnun í tengslum við hana. Einnig var haldinn fundur með foreldrum og nemendum skólans í þjóðfundarstíl þar sem farið var yfir skólaslit, verðlaunaafhendingar og hugmyndir að foreldrasamstarfi.

### Akstur

Stór hluti nemenda skólans kemur og fer með skólabílum. Umsjónarmenn leiða eru:

Borgarhreppur, Hvítársíða, Stafholtstungur/Þverárhlið og tómsundarúta frá Varmalandi: Ben og félagar. Andakílsleið, Hvanneyrarleið, Lundarreykjadalur/Bæjarsveit, Reykholtsdalur að norðan og Skorradalur: Dagleið. Bifröst og Norðurárdalur: Sigurður Ingi Þorsteinsson. Reykholtsdalur að sunnan: Einar Pálsson.

## Áherslur í skólastarfi

### Hlutverk

Hlutverk Grunnskóla Borgarfjarðar, í skipulagðri samvinnu við heimilin og samfélagið, er að:

- stuðla að vellíðan, alhliða þroska og heilbrigði nemenda,
- veita nemendum tækifæri til alhliða menntunar, bæði hugar og handa,
- efla gagnrýna hugsun nemenda, lífsgleði og jákvæða sjálfsmynd,
- undirbúa nemendur fyrir virka þátttöku í lýðræðislegu þjóðfélagi, með sjálfstraust og áráðni til að hafa áhrif á þróun samfélagsins .

### Framtíðarsýn

Grunnskóli Borgarfjarðar útskrifar metnaðarfulla nemendur, sem nýta styrkleika sína til að ná árangri. Skólinn er sérstaklega sterkur á sviði lýðheilsu, lífsleikni, list- og verkgreina, með tengingu við náttúru, arfleifð, menningu og sögu heimasvæðisins. Skólinn eykur fjölbreytni sína í gegnum ólíkar starfsstöðvar, sem standa og vinna saman að stöðugt betri árangri.

### Einkunnarorð

Einkunnarorð skólans eru *gleði, heilbrigði og árangur*. Hugtökin þrjú lýsa best skólastarfi GBF og við hverju nemendur mega búast innan hans.

Gleði vísar til þeirra jákvæðu viðhorfa sem skólinn vill að nemendur hafi til námsins og skólans og sé um leið lýsandi fyrir ríkjandi samskiptaform. Án gleðinnar er erfitt fyrir nemendur að ná þeim góða árangri sem skólinn væntir af þeim.

Heilbrigði, vísar til andlegs og líkamlegs heilbrigðis sem er lykilþáttur nemenda til að ná árangri. Skólinn leggur sitt af mörkum til að auka heilbrigði nemenda með daglegri, skipulagðri hreyfingu og hollum mat í mötuneytinu.

Árangur vísar til þess árangurs nemenda sem skólinn vill að hver einstaklingur nái bæði í námi og á félagslega sviðinu.

Það er von skólans að nemendur upplifi veru sína í skólanum eftir einkunnarorðum hans.

Stefna skólans er einstaklingsmiðað nám með áherslu á útikennslu og hreyfingu, sjá nánar á heimasíðu skólans <http://www.gbf.is>.

### Gildi

Við:

- berum virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og umhverfinu
- tökum ábyrgð á því sem við gerum og segjum
- ástundum heiðarleg og réttlát samskipti, byggð á gagnkvæmu trausti
- göngum með gleði og jákvæðu hugarfari til leiks og starfs
- stöndum saman og vinnum saman
- sýnum umburðarlyndi og kærleika í samskiptum
- erum metnaðarfull, skipulögð og öguð í öllu sem við gerum
- gætum fyllsta trúnaðar um málefni annarra
- hvetjum til heilbrigðs lífennis



## Heimaskóli menntavísindasviðs HÍ og HA

Skólinn veitir nemum í B.Ed. og M.Ed. námi við Menntavísindasvið HÍ og HA aðgang að skólanum til að vinna þar þau verkefni sem tengjast vettvangi. Verkefnin felast m.a. í æfingakennslu, kynningarheimsóknum, þátttöku í undirbúningi og framkvæmd kennslu, athugunum á skólastarfi o.fl. Kennarar skólans taka þátt í mati á frammistöðu nema og leiðbeina þeim á vettvangi.

## Leiðsagnakennsla

Í vetur voru 2 kennarar í launuðu starfsnámi. Annar kennarinn var nemandi frá Háskóla Íslands og hinn frá Háskólanum á Akureyri. Að jafnaði var hist vikulega, þar sem leiðsagnakennari fylgdist með í kennslustund og svo var rætt það sem gott var og betur mætti fara. Aðra hvora viku hitti leiðsagnakennari kennarateymið og fór yfir samstarfið í teyminu og kennslunni. Það voru ólíkar áherslur frá þessum tveimur skólum varðandi námsmat. Það voru síðan reglulegir fundir líka við leiðsagnakennara þeirra frá háskólanum.

Fyrir áramót voru þrír nemar í vettvangsnámi, einn á Kleppjárnsreykjum og tveir á Varmalandi.

## Samstarf leik- og grunnskóla

Deildarstjóri ásamt umsjónarkennurum sáu um samskipti við leikskólana í skólahverfinu: Andabæ, Hnoðraból og Hraunborg.

Mikið samstarf var skipulagt í vetur og voru settar niður heimsóknir 1x-2x í mánuði á hverjum stað.

## Samstarf grunn- og menntaskóla

Menntaskóli Borgarfjarðar í samstarfi við Borgarbyggð hefur boðið grunnskólanemendum í Borgarbyggð að stunda fjarnám við skólann. Í haust og vor fóru nemendur á unglingastigi í heimsókn í Menntaskólann þar sem tekið var þátt í smíðjum. Skólameistari MB kom einnig í skólann og kynnti námið fyrir nemendum á unglingastigi.

## Samstarf grunn- og háskóla

Um árabíl hefur þróast ákveðin samvinna milli leik-, grunn- og háskólans á Hvanneyri. Samvinnan felst m.a. í því að nemendur fá að: vinna í gróðurhúsi, heimsækja fjós og Landbúnaðarsafn, nota svæði við skjólbelti, skoða listaverk Landbúnaðarháskóla Íslands, taka á móti skólahóp leikskólans og fá boð á viðburði í skólanum. Í maí 2009 var undirritaður samstarfssamningur sem fékk nafnið *Lengi býr að fyrstu gerð*. Sá samningur var endurbættur í maí 2019 í tengslum við nýja aðalnámsskrá grunnskóla. Skóli er hluti af samfélaginu og hlutverk hans felst ekki síst í því að leiða nemendur inn í þetta samfélag, gera þá meðvitaða um störfina sem þar eru unnin og hvernig það sem þeir læra tengist störfunum.

## Þróunarstarf og verkefnahópar

Í vetur störfuðu fimm verkefnahópar sem hittust reglulega yfir veturinn, settu sér markmið og unnu að ákveðnum áhersluatriðum í skólastarfinu.

## Grænfáni/Leiðtoginn

Grænfánastarf innan Grunnskóla Borgarfjarðar var mikið þó svo að starfið hafi verið missýnilegt á deildum, allt frá því að öflugar umhverfisnefndir hafi starfað yfir í að nefndir

hafi ekki verið skipaðar. Verkefni sem unnin hafa verið í skólanum í vetur hafa fallið undir þemu Grænánans, til að mynda lýðheilsu, náttúruvernd, áttahagar og landslag og lífbreytileiki. Skólinn er jafnframt þátttakandi í alþjóðlegum verkefnum, Erasmus+ þar sem lögð er áhersla á sjálfbærni og umhverfismennt, og BioBlitz- verkefni um líffræðilegan fjölbreytileika. Erasmus+ verkefnið er samstarf sex landa, Íslands, Spánar, Portúgal, Lettlands, Rúmeníu og Tékklands, en BioBlitz er unnið í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og Menntaskóla Borgarfjarðar.

Hér fyrir neðan eru talin upp nokkur verkefni sem unnin voru í vetur

### Hvanneyri

- Nemendur gerðu sultu úr berjum og rabbarbara, gengu í hús og gáfu eldri borgurum á Hvanneyri.
- Við snyrtum tré í nágrenni skólans og hreinsuðum beðin og skiptum um plöntur í þeim.
- Verkefni um nærumhverfið. Gert kort af þorpínu og upplýsingar um hús og starfsemi á staðnum. Börnin gerðu mynd af húsinu sínu og skrifuðu um það. Einnig gerðu þau upplýsingar um fyrirtæki og starfsemi á staðnum. Þetta verkefni fyllti einn vegg skólans.
- Börnin fræddust um Friðland fugla. Landvörður kom og útskýrði hvað það þýðir að hafa friðland í þorpínu og nágrenni þess. Frá Hvítá að Andakílsá. Hvaða fuglar eru á svæðinu og af hverju þarf að vernda þá. Ræddi líka um samspil mannsins og náttúrunnar.
- Börnin skoðuðu landbúnaðarsafnið í samvinnu við LBHÍ. Svo heimsóttu þau fjósið og fræddust um mjólkurframleiðsluna og kýrnar.
- Þegar snjóa leysti í janúar, fóru börnin út að tína rusl í þorpínu.
- Skólinn tók þátt í Stóra Plokkdeginum. Fóru út og tíndu rusl 28.apríl.
- GBF Hvanneyri og LBHÍ taka höndum saman og taka þátt í keppninni BioBlitz, sem snýst um náttúrulegan fjölbreytileika. Börnin skrá gróður, dýr, skordýr o.fl. inn í app sem er sérstaklega gert í þetta verkefni. Samfélagið allt tekur þátt og allt land sem Landbúnaðarháskólinn á, er undir. Þetta var framkvæmt í útikennslunni.

### Kleppjárnsreykir

- Þemavinna á haustdögum- yfirskriftin var „Umhverfið mitt“ þar sem nemendur á öllum stigum unnu verkefni til að bæta umhverfi sitt, allt frá því að setja sér markmið í námi og leik, yfir í gerð blómakassa úr endurunnu efni til að fegra stofuna.
- Þemavinna á vorönn þar sem unglíngastig fundu lausnir á ýmsum vandamálum tengdum umhverfinu.
  - Ruslaflokkunarapp
  - Fjölnota smokkar
  - App til að skiptast á notuðum hlutum
  - Fjölnota tyggjóumbúðir
- Þemavinna á vorönn þar sem nemendur unnu þvert á aldur, nemendur unnu að lausnum á vandamálum í eigin umhverfi.
  - Fjölga tungumálum á matar- og upplýsingaspjöldum
  - Öryggisgangbraut
  - Skipulag í matmálstímum
  - Leiðir til að auðga áhuga nemenda á námsgreinum



- Miðstignemendur unnu að plöntusafni, gerðu eldivið fyrir útikennslu.
- Valgreinar á unglíngastigi
  - Útival þar sem unnið er að gangstígagerð og viðhaldi girðinga í Logalandsskógi, grisjuðu tré í nágrenni skólans, gerðu eldivið fyrir útikennslu.
  - Göngur í umhverfi skólans
  - Samstarf við Fosshótel Reykholti – nemendur kynntust starfsemi hótelsins og kennslu matreiðslu á hráefni úr nærumhverfi.
  - Smíði- nemendur unnu smíðagripi úr timbri sem grisjað var úr nágrenninu
  - Í vali unnu nemendur með endurnýtanleg efni s.s. sokkabuxur, gamlar bækur, gamla ramma og fl. til að búa til þrívíddarverk.
- Hreinsunarátak á vordögum

### Varmaland

- Allt árið var útikennsla í töflu hjá 1. - 7. bekk þar sem þau unnu að fjölbreyttum verkefnum í tengslum við umhverfi og náttúru. Eftir áramótin var síðan útivalsáfangi hjá unglíngastiginu sem var vel sóttur. Þar fóru nemendur að vinna að eflingu útikennslusvæðis skólans.
- Á þemavinnu á vorönn vann 1.- 7. bekkur að fjölbreyttum verkefnum sem tengdust farleiðum dýra. Þar sem þeir kynntu sér farleiðir mismunandi dýra, útbjuggu myndir og kort sem lýsa dýrunum og ferðalagi þeirra um heiminn.
- Á unglíngastiginu fengu nemendur að taka þátt í að mynda og ákveða sitt þema fyrir þemadaga. Yfirmarkmið var að geta tengt sitt þemaverkefni við Grænfanavinnu, Leiðtogann í mér, loftslagsmálin eða náttúrunni á einhvern hátt. Útbúnir voru hvirfilbylir, búgarðar, leirmunir, eldfjöll/eldgos og jafnvægislistaverk í anda umhverfis og náttúru.
- Farið var reglulega í plokkhreinsun og almenna tiltekt á skólalóðinni.  
Björk Jóhannsdóttir, Magnea Helgadóttir, Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir

### Heilsuefling

Í vetur tókum við þátt í lífshlaupinu, það gekk sæmilega en oft gengið betur að virkja starfshópin.

Annars fór veturinn talsvert mikið í bið eftir aðgangi að heilsueflandi.is og stendur sú bið enn yfir.

Næsti vetur: Fá aðgang inn á heimasíðu heilsueflandi.is svo hægt sé að fylla út þá lista sem við eigum að fylla út og nýta þessa lista svo til að kortleggja áframhaldandi vinnu hópsins.

Lára Kristín Gísladóttir, René Bredtoft Madsen, Unnur Jónsdóttir og Vigdís Sigvaldadóttir

### Innra mat/námsmat

Veturinn hefur farið í að skoða hvort að nýrri og auðveldari leið væri besta niðurstaðan fyrir okkur til að sinna innra mati á skólastarfinu. Við ákváðum á síðasta fundi að leggja fyrir einn gæðagreini fyrir lok apríl. Það hefur því miður ekki gengið eftir og við ekki náð að leggja hann fyrir. Því teljum við að slík fyrirlögn verði að engu svona síðustu dagana fyrir skólalok ef niðurstaðan verður að taka upp nýtt kerfi. Ákvörðun um það liggur enn (eftir því sem við komumst næst) hjá fræðslustjóra eða fjölskyldusviði.





Hópurinn telur að niðurstöður úr skólapúlsi (allra aðila skólastarfsins) gefi góða mynd af starfinu eins og það er um þessar mundir og eru það upplýsingar sem við erum sífellt að vinna úr til að bæta starfið.

Ása Erlingsdóttir og Þóra Magnúsdóttir

## Forvarnarhópur fyrir einelti

Í vetur ákvað hópurinn að einblína á fræðslu fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk.

Í upphafi var rætt um eyðublöð vegna samskiptavanda og eineltis. Það plagg er komið í notkun og er sýnilegt á heimasíðu skólans. Það kom hugmynd um að gera könnun á því hvaða fræðslu starfsmenn vilja fá á haustmánuðum 2023.

Lagt var til að vera með fræðslu fyrir kennara og foreldra til að taka eftir einkennum neyslu.

Unnar Þór vann í því og er komin hugmynd af því að fá Davíð Bergmann Ólafsson til að vera með kynningu fyrir foreldra og starfsfólk um einkenni neyslu vímuefna. Sú fræðsla hefur ekki verið og leggur hópurinn til að unnið verði áfram með það.

Þá var lagt til að fá fræðslu um samskipti fyrir nemendur og fenginn var fyrirlesturinn Fokk jú Fokk mí. Sú fræðsla var einnig í boði fyrir foreldra.

SKOH hópur frá Barnaheill kom og var með fræðslu fyrir miðstig og unglिंगadeild um ofbeldi. Einnig kom Þorgrímur Þráinsson með fræðslu á unglिंगastig.

Hópurinn leggur til að haldið verði áfram með það flotta starf sem byrjað var með síðasta skólaár varðandi kynfræðslu, bæði að hafa kynfræðslu á öllum stigum og stöðvum og einnig að hafa kynningu á námsefninu og fræðslunni fyrir kennara og starfsfólk.

Anna Kristín Gunnarsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Sæunn Ósk Kjartansdóttir og Unnar Þór Bjartmarsson

## Réttindaskóli

### Það sem gert var veturinn 2022-2023

- Valið í Réttindaráð en sumir nemendur voru áfram frá því í fyrra.
- Horfðum á H4.
- Lukum við allar kannanirnar og grunnur lagður að aðgerðaáætlun.
- Hugmyndakassar voru gerðir á hverri deild.
- Réttindaráð á hverri deild fundaði 2 – 5 sinnum.
- Teamsfundir milli deilda án nem.
- Þrjú Teamsfundir með Sigyn.
- Erfitt að ná saman öllu Réttindaráði GBF.

### Veturinn 2023 – 2024

- Manna Réttindaráð, geta orðið nemenda breytingar frá því í vor.
- Fá fræðslu.
- Sýna aftur H4.
- Unicef - vinna á þemadögum 2. - 4. okt. sem endar með Barnaþingi.
- Aðgerðaráætlun klár í byrjun nóv. Muna að tengja við barnasáttmálann.
- Nauðsynlegt að hafa fastan tíma í töflu á sama tíma á hverri deild til að markviss vinna geti átt sér stað fyrir umsóknarferlið að verða Réttindaskóli UNICEF.

Agnes Guðmundsdóttir, Anna Dís Þórarinsdóttir og Elísabet Halldórsdóttir



## Símenntun

Almennt er endurmenntun áætlaður tími utan skipulagðs starfsramma skólaársins þ.e. 15. júní - 15. ágúst alls 150 klst en hún má einnig fara fram á starfstíma skóla og er þá háð samkomulagi við viðkomandi kennara. Ef endurmenntun er flutt á starfstíma skóla reiknast 33% álag á virkum dögum en 45% um helgar og fækkar þá tímum í samræmi við það. Þetta þýðir að 1 klst er 1,33 á starfstíma skóla, því gengur kennarinn hraðar á þá tíma sem varið er í endurmenntun á starfstíma skóla en utan hans.

Hvað telst til endurmenntunnar

- Hvers kyns formlegt nám í viðurkenndum menntastofnunum
- Námskeið sem standa einn dag eða lengur, þar sem með skipulegum hætti er miðlað fræðslu og upplýsingum er snertir afmarkaða þætti skólafseminnar
- Styttri fræðslufundir þar sem ákveðnum upplýsingum og fræðslu er komið á framfæri
- Styttri eða lengri kynnisferðir starfsmanna þar sem horft er til umbóta og þróunar á ákveðnu sviði

Endurmenntun starfsmanna má í stórum dráttum skipta í tvennt:

- Endurmenntunarverkefni, ákvörðuð af skólastjórnendum og í samræmi við áherslur í þróun skólafseminnar á hverjum tíma. Markhópurinn getur verið allir starfsmenn, allir kennarar eða minni hópar starfsmanna, eftir eðli málsins
- Endurmenntun sótt af einstökum starfsmönnum, samkvæmt eigin óskum og/eða í samráði við skólastjórnendur

Starfsfólk Grunnskóla Borgarfjarðar sótti eftirfarandi námskeið á skólaárinu 2022-2023:

- Hvernig breytum við hegðun til betri vegar – Sesselja Árnadóttir
- Foreldrasamstarf – Ingvar Sigurgeirsson
- Námskeið um Uncief, réttindaskóli barna
- Listmeðferð í skólafseminni - Unnur Óttarsdóttir
- Námsstefna Skólafélags Íslands í Reykjavík
- ADHD fræðsla
- Námsferð til Finnlands 30. október - 3. nóvember 2023
- Fræðsla um farsældarlögin
- Fræðsla um börn á flóttu í gegnum Teams
- Fræðsla varðandi öryggistak til að nýta í neyðarúrræðum
- Starfsmannasáttmáli vinna að hausti og vori m. Sigríði Indriðadóttur
- Kennsla flóttabarna á Varmalandi
- Einhverfa og ungmenni í Hjálmakletti

## Námsmat

Grunnskóli Borgarfjarðar hefur ákveðið að vinna eftir hæfni-og matsviðmiðum aðalnámskrár en ekki farið út í að búa til eigin matsviðmið. Nemendur eru metnir út frá hæfni sem krefst þess að kennarar merki við stöðu nemenda í mismunandi hæfni-og matsviðmiðum.



Á mið- og unglíngastigi er stuðst við matskvarðann A,B,B+,C, C+ og D. Á yngsta stigi eru táknotuð sem matskvarði.

Hæfniviðmið lýsa hæfni en matsviðmið segja til um hversu vel nemandi hefur viðkomandi hæfni á valdi sínu. Hæfnikort nemenda á að sýna hvaða hæfni nemandi á að búa yfir í hverri grein, fyrir hvert aldurstig eða ár og hæfnikortið á að vera grundvöllur fyrir námsmat. Nemendur munu koma til með að eiga hæfnikort fyrir hvert námsár í öllum greinum. Kennari skipuleggur kennslu síðan út frá hæfnikortum og metur hvar nemandinn er staddur. Með því er hægt að sjá styrkleika nemandans og einnig greina hvaða hæfniviðmið nemandinn þarf að vinna betur með til að bæta sig.

Með matsviðmiðum fæst leiðsögn fyrir kennara, nemendur og foreldra um hvaða hæfni nemanda liggur að baki hverju mati. Samtal umsjónarkennara, foreldra og nemenda á að leiða til umræðu um framvindu og leiðir.

## Gæðagreinar/ skólapúls

Þessi vetur fór í að skoða aðrar leiðir fyrir innra mat skólans, en áður hefur skólinn nýtt Gæðagreini. Gæðagreinar hefur verið gagnlegt verkfæri fyrir skóla til þess að stuðla að breytingum, þróun og vexti skólastarfsins. Allir starfsmenn, nemendur og foreldrar hafa tækifæri til þess að koma sínum hugmyndum á framfæri vilji þeir stuðla að breytingum til framfara.

Í vetur var skólapúlsinn lagður fyrir nemendur í 2. - 5. bekk og 6. - 10. bekk. Einnig var send út foreldrakönnun í gegnum skólapúlsinn ásamt starfsmannakönnun. Niðurstöður Skólapúlsins hefur verið nýttur til þess að efla skólastarfið ásamt því að aðstoða starfsmenn og stjórnendur við að leggja skýrari línur í tengslum við nám og starf nemenda.

## Skýrslur kennara

### Yngsta stig

Haldið var áfram með samstarf á milli kennara á yngsta stigi GBF þar sem virkt spjall á Teams var í gangi ásamt því að hittast reglulega í rauntíma eða á Teams til þess að fara yfir málin. Einnig hefur markvisst verið unnið að því að deila verkefnum inn á sameiginlegt svæði þar sem kennarar geta leitað í gagnagrunn fyrir sína kennslu.

Yngsta stigs leikar voru haldnir í haust á Kleppjárnsreykjum þar sem farið var á stöðvar og unnið með fjölbreytt verkefni. Einnig var farið saman í skíðaferð í Bláfjöll þar sem nemendur lærðu tæknina við að skíða eða renna sér á bretti. Jón Pétur kom með dans- og félagsfærni námskeið fyrir alla nemendur tvisvar yfir veturinn. Annars er skemmtilegt að lesa yfir skýrslur kennara því þar kemur enn betur í ljós hver fjölbreytni námsins er í skólanum.


Sólrún Halla Bjarnadóttir

## Hvanneyri

Að þessu sinni er skýrsla kennara bæði frá yngsta- og miðstiginu saman. Í ár var unnið með lestrarfærni, talnaskilning, lesskilning og sjálfstæð vinnubrögð. Unnið var eftir aðferðum Byrjendalæsis í íslensku og hafa verið farnar fjölbreyttar leiðir í stærðfræði. Áhersla hefur verið á að kynna fyrir nemendum heim upplýsingatækni. Nemendur hafa ólíka þekkingu á upplýsingatækni og því voru ólíkar áherslur milli hópa. Einstaklingsmiðun var höfð að leiðarljósi við kennslu nemenda í öllum fögum og fengu nemendur að fara áfram í námsbókum eins og úthald, vilji og geta leyfðu. Heimanámi var haldið í lágmarki en nemendur þurftu að lesa heima 5 - 7 daga vikunnar 15 mínútur í senn og halda stærðfræðiáætlun. Mikil áhersla var lögð á samþættingu námsgreina og var unnið með það meðal annars í útikennslu þar sem nemendur unnu með stærðfræði samhliða samfélags- og náttúrufræði. Mikil áhersla hefur verið lögð á heilsueflingu og byrjuðu allir skóladagar á göngutúr. Vikulega sendu umsjónarkennarar bekkjarfréttir þar sem farið var yfir starf liðinnar viku og það sem var á döfinni næstu daga.

Mikið var lagt upp úr samstarfi við leikskólann Andabæ. Í haust var ítarlegt skipulag skólaheimsóknna sett upp og því fylgt vel eftir. Einhverjar heimsóknir færðust til en tókst að fylgja þeim öllum eftir. Í ár var farið af stað með nýtt verkefni, leikskólalestur.

Leikskólalesturinn fór fram á morgnanna á meðan nemendur sinntu yndislestri. Umsjónarkennari fór með þrjá til fjóra nemendur í senn út í leikskóla og lásu þeir fyrir leikskólabörnin á meðan þau borðuðu morgunmat. Farið var á þriggja vikna fresti yfir allt skólaárið og fengu allir nemendur skólans að taka þátt. Mikil tilhlökkun var fyrir verkefninu og lögðu nemendur sig fram við að æfa upplesturinn vel áður en farið var af stað. Samstarf við Kleppjárnsreyki gekk einnig vel og fóru nemendur úr 5. bekk í margar heimsóknir. Markmið næsta árs er að setja upp skipulag fyrir heimsóknirnar.



Í haust týndu nemendur ber og sultuðu. Þeir skrifuðu fallega kveðju og gengu svo í hús til eldri borgara og færðu þeim að gjöf. Fyrir dag Íslenskrar tungu höfðu nemendur unnuð eftir aðferðum byrjendalæsis með lagið Þannig týnist tíminn eftir Bjartmar Guðlaugsson. Einnig lærðu þeir texta lagsins og sungu við mikinn fögnuð bæði í leikskólanum Andabæ og Landbúnaðarháskólanum. Þar mátti sjá tár á hvarmi áhorfenda þar sem söngurinn bræddi öll hjörtu.

1. desember buðu nemendur í árlegt kaffihús. Gestir gátu keypt sér súpu og brauð. Nemendur höfðu bakað smákökur sem boðið var upp á og sungu jólalög fyrir gesti. Að þessu sinni sungu nemendur lögin þáð snjóar eftir Braga Valdimar Skúlason og Snjókorntalla. Hinn árlegi helgileikur var sýndur í kirkjunni á Hvanneyri við góðar undirtektir, mikilvægur partur af jólahéðinni.

Í febrúar var farið í skíðaferð í Bláfjöll. Á Öskudaginn var gengið á milli fyrirtækja, nemendur sungu, fengu sælgæti og kátt var á hjalla í skólanum. Í apríl var komið að árshátíð og að þessu sinni fluttu nemendur leikritið Ávaxtakörfuna eftir Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur. Sýningin var stórfengleg og má þakka frábærum foreldrum Hvanneyrardeildar veitta aðstoð við búningagerð en haldið var saumakvöld þar sem allir lögðu hönd á plóg við búningagerð.

Gaman að segja frá því að skólahópur leikskólans var hugfanginn af sýningunni og ákváðu að setja upp sína eigin Ávaxtakörfu og lánuðum við þeim búninga og handrit. Skemmtilegur vinkill á það góða samstarf sem er á milli skólastiganna.



Í útikennslu í vetur var fjölbreytt dagskrá í tengslum við fög ásamt því að farið var reglulega í ruslaferðir og þá

týnt rusl á Hvanneyri. Nokkru sinnum var farið í Skjólbeltin, nemendur bjuggu til sinn eigin eldivið, báldagar voru nokkrir þar sem snúðar voru bakaðir. Einnig var farið í gönguferðir um svæðið og snjórinn nýttur til ýmissa leikja þegar hann var til staðar.

Í skólaíþróttum var farið yfir helstu boltagreinar auk þess að nemendur lærðu hina ýmsu leiki t.d. gryfjubolta, kýló, tarzan og fleira. Þolið var æft með þrekstöðvum og hlaupaleikjum. Úti er mikið lagt upp úr því að kenna nemendum hvernig þau geta sjálf stuðlað að góðri hreyfingu og var farið yfir helstu reglur í frisbígolfi og völlurinn á Hvanneyri nýttur til æfinga. Ærslabelgurinn var nýttur við hlaupaæfingar til að styrkja þolið. Skólasundið var kennt þennan veturinn í Hreppslaug bæði að hausti og svo aftur að vori. Kennnt var í þremur hópum og var þeim aldursskipt.

Í sjónlistum unnu nemendur með grunnliti og grunnform, ofurhetjumynd, mynsturvinnu, sjálfsmynd o.m.fl. ásamt því að vinna önnur tilfallandi verkefni. Í textílmennnt teiknuðu nemendur á efni sem varð svo að púða, þræðispor, vefnað, krosssaum, prjón og saumavélaæfingar.

## Kleppjárnshreykir

Áherslur í námi þennan veturinn voru á byrjendalæsi, stærðfræði og bekkjarbrag. Teymiskennsla var í 1.-4. bekk líkt og undanfarin ár og var umsjón skipt þvert á bekki. Hópnum var í flestum tímum skipt í tvennt, 1.-2. bekkur og 3.-4. bekkur. Fram að áramótum var matsalurinn nýttur og stofa í gamla kennaraherberginu fyrir annan hópinn á móti Höllinni, en eftir áramót var flutt með 3.-4. bekk út í Kastala (nýja gámahúsið við íþróttahúsið). Það var mikill léttir fyrir alla að fá rýmra pláss.



Stærðfræði var kennd að hluta til í stöðvavinnu þar sem unnin voru fjölbreytt verkefni, spil og spjaldtölvur voru nýttar í bland við Sprotabækur.

Ákveðin fög voru samþætt eins og byrjendalæsi, náttúrufræði og samfélagsfræði. Í byrjendalæsi var unnið eftir hefðbundnum aðferðum er snúa að því námi. Lesnar voru bækur um efnið og unnin fjölbreytt verkefni s.s. skapandi skrif, greinandi vinna, ritun, lestur, lykilorðavinna, rím og vinna með hljóðvitund. Söngur og leikur voru fastir tímar á stundaskrá



þar sem horft var á ýmis leikrit, myndbönd þar sem kíkt var á bak við tjöldin í leikhúsum, sungið, dansað og leikið.

Í samfélagsfræði var lögð áhersla á Ísland og umhverfið. Tekin voru fyrir eldgos, jarðskjálftar og umhverfisáhrif í heild sinni. Að því loknu var unnið með landið Ísland og unnin ýmis verkefni tengt því.

Lífsleikni var kennd í vetur og fyrir áramót voru 1.-2. bekkur eingöngu í lífsleikni. Eftir áramót var lífsleiknin sett inn í Hringekjuna og þá blandaðist hópurinn með öllum bekkjum. Í lífsleikni var lögð áhersla á tilfinninga þroska, samkennd og sjálfsvitund. Unnið var með erfiðar tilfinningar eins og kvíða, reiði og ótta.

Búbblutímar voru í boði fyrir alla í hverri viku og list- og verkgreinar kenndar í hringekju yfir veturinn.

Vikulega voru bekkjarfundir sem nýttir voru til að vinna með bekkjarbrag og jákvæða leiðtoga. Þar var unnið með hópeflisleiki og umræður um samskipti, virðingu og félagsfærni. Áfram var lögð áhersla á útinám líkt og síðustu ár og tengt við náttúrufræðikennslu. Vikulega var farið í útikennslu sem var ýmist úti á Læknistúni eða í nærumhverfi skólans. Þar var áhersla á samskipti og samvinnu, unnið var með þann efnivið sem að árstíðirnar buðu upp á.

Farið var í ýmsa útileiki og fræðst um lífríkið og heimabyggðina. Í list- og verkgreinum fengu nemendur 40 mínútur á viku allan veturinn í textíl, 80 mínútur á viku 2/3 úr vetri í sjónlistum og 80 mínútur 1/3 úr vetri í smíði. Í sjónlistum kynnst nemendur mismunandi tækni s.s. málun, þrykki, mótun í leir, klippa, líma o.fl. sem hæfir getur hver og eins.

Verkefni eru valin af kennara og hjálpar kennari nemanda að útfæra þau að óskum nemanda einnig er hlustað á óskir nemenda um verkefnaval. Í textílmennt var verið að nýta sem flestar aðferðir s.s. þrjón, útsaum, sauma á saumavél og var vefnaður sérstaklega kynntur. Í smíði fengu nemendur einföld verkefni sem hæfðu hverjum aldri fyrir sig.

Yngstastigsleikar voru í byrjun september og hittust deildirnar þrjár á Kleppjárnsreykjum þetta árið. Á þemadögum í október var unnið með vellíðan og voru nemendur í hópavinnu þvert á aldur í fjölbreyttum verkefnum. Á þemadögum í janúar var unnið með landafræði og tekin sérstaklega fyrir þau lönd sem börnin í hópnum tengjast: Spánn, Noregur, Svíþjóð, Þýskaland, Úkraína og Ísland.

Eins og undanfarin ár kom Jón Pétur danskennari tvisvar yfir skólaárið, viku í senn, með hópeflis-, dans- og félagsfærninámskeið fyrir öll stig skólans og var það mjög vel lukkað. Gaman að sjá hvað krakkarnir vinna vel saman þvert á aldur.

Litlu jólin voru á sínum stað þar sem yngsta stig hélt sín litlu jól saman inni í Höll. Farið var í pakkaleik, spilabingó og borðað hangikjöt samkvæmt venju.



Einnig voru fastir liðir eins og Ljósahátíð, Þorrablót og Öskudagsskemmtun á sínum stað. Árhátíðin var haldin í Logalandi um miðjan mars og foreldrum og gestum boðið að koma. Krakkarnir sungu lag úr söngleiknum Matthildi, sungu og stjórnuðu fjöldsöng við annað lag og dönsuðu frumsaminn dans við það þriðja. Allir tóku þátt.



Farið var í skíðaferð í Bláfjöll í febrúar sem tókst mjög vel. Fjórði bekkur fór í menningarferð til Reykjavíkur í mars þar sem farið var á skauta og í Þjóðminjasafnið. Á vordögum tóku börnin þátt í gönguferð upp á Skáneyjarbungu. Sundmót var haldið í maí, ratleikur, hjólavika og fjölgreindaleikar.

Samstarf leik- og grunnskóla var talsvert og kom leikskólahópur reglulega í heimsókn og tók þátt í daglegu starfi nemenda. Í maí komu þau með skólábílnum einn dag og fengu að vera allan daginn.

## Varmaland

Sérstök áhersla þennan veturinn var lögð á einstaklingsbundið nám og jákvæðan bekkjarbrag. Teymiskennsla var í 1. - 3. bekk. Unnið var m.a. eftir aðferðum Byrjendalæsis í íslensku og lestrarstefnu fylgt varðandi eftirfylgni með heimalestri, prófunum og skimunum. Orðskuggar léku stóran þátt

í námi barnanna sem og ljóðalestur og söngur.

Skólaárið var um margt merkilegt. Varmalandsdeild tók á móti nokkrum fjölda barna frá Úkraínu sem nú flýja stríð. Námið í vetur litaðist af því. Sérstök



áhersla var lögð á íslenskukennslu í fjölbreyttri mynd, í bókum og leikjum. Farnar voru fjölbreyttar leiðir í stærðfræðikennslu þar sem unnið var með hlutbundinn og óhlutbundinn efnivið í bland. Áhersla var lögð á samþættingu námsgreina með fjölbreyttum kennsluháttum. Mikið var unnið í verklegum æfingum inni og úti sem reyndist vel.

Hver skóladagur hófst á lestri fyrir kennara og yndislestri eða völdum verkefnum. Að því loknu var haldið í söngstund þar sem nemendur lærðu íslensk ljóð og sögur. Mikil áhersla var lögð á samfélagsfræði og landafræði þar sem nemendur lærðu og kynntu fyrir hvort öðru um sérstöðu Íslands og Úkraínu. Vikulegir bekkjarfundir voru nýttir til umræðu um samskipti, félagsfærni, leiðtoga og styrkleikavinnu. Nemendalýðræði var þar í hávegum haft þar sem nemendur tjáðu eigin hugmyndir og skoðanir. Áhersla hefur verið lögð á að nýta fjölbreytt verkfæri tækninnar, sér í lagi til að tengja nemendur tungumálalega. Einstaklingsmiðun var höfð að leiðarljósi við kennslu nemenda í öllum fögum og fengu nemendur að fara áfram í námsbókum eins og þeir höfðu úthald, vilja og getu til. Útikennsla var í stundatöflu eina kennslustund á viku ásamt því að hvert tækifæri var notað til að færa nám nemenda út fyrir kennslustofuna. Þar sem nánasta umhverfi skólans var nýtt til náms og sköpunar. Settar voru upp skordýragildir og skordýrin svo skoðuð í smásjám. Þá var fuglasafn skólans notað töluvert. Nemendur kynntust mismunandi tegundum fugla, séreinkennum sjó og landfugla

og eggjum þeirra. Náttúrufræðin var samþætt stærðfræðinni og unnu nemendur allskyns gröf upp úr talningum og rannsóknum sem þau svo túlkuðu.

Árshátíð nemenda var glæsileg. Nemendur unnu með sínar hugmyndir og útfærði söng og dansatriði sem og aðra listsköpun. Krakkarnir hönnuðu og útbjuggu sín eigin hljóðfæri og spiluðu svo í hljómsveit saman Evróvision lagið OK. Farið var í heimsókn í Bakkakot og lömbin skoðuð. Samstarf leik- og grunnskóla gekk vel og kom skólahópur nokkrum sinnum í heimsókn í skólann og tók þátt í daglegu starfi nemenda. Í list- og verkgreinum fengu nemendur tvær samliggjandi kennslustundir. Nemendur fóru helming skólaársins í textíl og sjónlistir og hinn helminginn í smíði. Í list og verkgreinum var haft að leiðarljósi að finna styrkleika hvers og eins. Vegna breyttrar samsetningar á þjóðerni nemenda var enn ríkari áhersla lögð á sýnikennslu og túlkun á milli tungumála. Verkefnahugmyndir komu að mestu frá kennara, einnig fengu nemendur að spreyta sig á eigin hugmyndum. Nemendur unnu bæði myndmennt og textíl. Nemendur fengu þrjár kennslustundir á viku í íþróttum og eina í sundi. Markmiðið var að nemendur lærðu helstu grunnhreyfingar, næðu færni í að vera þátttakendur í leikjum og upplifðu tap og sigra. Að nemendur upplifðu hreyfingu á jákvæðan hátt og allir tækju þátt og fengju útrás fyrir hreyfipörf sína. Sundkennsla fór fram með hefðbundum hætti. Æfingar í leikjaformi og niðurbrot sunds þar sem einstaka þættir sundsins voru þjálfaðir.



Líkamsmælingar voru framkvæmdar að hausti og vori. Mælingar voru Skógarhlaup (Valsholts hringurinn 2,0 km), píptest og styrktarmælingar. Svæðið í kring um skólann var nýtt sem best var á kosið til fjölbreyttra verkefna. Svæðið í kring um skólann var nýtt sem best var á kosið til fjölbreyttra verkefna.



Umf. Stafholtstungna var með sitt árlega 17. júní hlaup fyrir 1. – 6. bekk. Að venju var síðasti skóladagurinn leikdagur þar sem nemendur fengu frjálst val um stöðvar og að lokum kepptu nemendur og starfsmenn sín á milli í knattspyrnu þar sem starfsmenn fóru með sigur að hólmi að þessu sinni.

## Miðstig

Miðstig er á öllum deildum og hafa starfsmenn þeirra átt góða samvinnu varðandi nám og undirbúning kennslu. Kennarar hafa reglulega hist á Teams eða í rauntíma til þess að fara yfir málin og tengja faglegan undirbúning kennara.

Nemendur á miðstigi hittust að hausti á miðstigsleikum í Borgarnesi þar sem þau kepptu í frjáls íþróttum og knattspyrnu. Skipulagðar ferðir voru hjá öllum bekkjum á miðstiginu, 5. bekkur fór í skauta- og menningarferð, 6. bekkur fór í sjóferð um sundin blá og 7. fór á Reyki en fengu reyndar einnig að skella sér í vorferð með unglingastiginu þar sem 5. og 6. bekkur



fóru á skíði með yngsta stiginu. Jón Pétur kom með dans- og félagsfærniámskeið fyrir alla nemendur tvisvar yfir veturinn. Farið er nánar yfir fjölbreytni námsins í skólanum í skýrslum kennara og má þar gæta margra gleði stunda. Annars er skemmtilegt að lesa yfir skýrslur kennara því þar kemur enn betur í ljós hver.

Sólrún Halla Bjarnadóttir

## Kleppjárnsreykir

Mikil áhersla var lögð á góðan bekkjaranda, þar sem unnið var markvisst með jákvæð samskipti, vinnusemi og vellíðan. Lögð var rækt við góða umgengni nemenda, ábyrgð hvers og eins gagnvart eignum sínum og annarra sem og eigin námi. Áhersla var lögð á að skapa góðan vinnufrið og var hópnum skipt í þrjá minni vinnuhópa til að ná því markmiði. Námið var einstaklingsmiðað og greinar samþættar eins og kostur var. Áhersla var lögð á notkun fjölbreyttra kennsluáðferða og aðlögun námsefnis að hverjum og einum.

Náttúru- og samfélagsfræði var kennd í lotum. Í byrjun hvernar lotu var ákveðið efni kynnt og fengu nemendur síðan tækifæri til að kafa dýpra í efnið með frjálsum skilum.

Í stærðfræði var unnið eftir áætlun en einn tími á viku var bundinn í önnur fjölbreytt verkefni tengdu námsefni vikunnar.

Í íslensku var lögð áhersla á alla undirþætti íslenskunnar; lestur og bókmenntir, málfræði, ritun og talað mál, hlustun og áhorf. Læsisvinna hélt áfram og fengu nemendur með sér heim í maí sérstakt hraðlestrarátak sem þeir sinntu samhliða almennum heimalestri í þrjár til fjórar vikur.



Útikennsla var tvo tíma á viku og farið var út í öllum veðrum allt skólaárið, með undantekningum þegar of mikið frost var. Í útikennslu var lögð aðaláhersla á samvinnu, styrkja félagsleg tengsl og umhverfisvitund. Nemendur fengu tækifæri til að beita öllum skilningarvitum sínum við að upplifa náttúru, baka við eldivið undir berum himni og fá aukna hreyfingu.

Í list- og verkgreinum var boðið upp á átta fjölbreyttar stöðvar og kennt í hringekju. Hver hópur var í tveimur stöðvum á viku, kennt í tvær kennslustundir í senn, í um sjö vikur. Í hringekjunni fóru nemendur í smíði/skapandi skrif, textílmennt/sjónlistir, kynfræðslu/heimilisfræði og spil/skólabras.

Í heimilisfræði var lögð áhersla á að nemendur þjálfist í að beita ólíkum aðferðum við að matreiða fjölbreyttan mat og bakstur og kunni að nota til þess fjölbreytt tæki og tól. Einnig að nemendur hafi grundvallarþekkingu á hreinlæti, þrifum og þvottaleiðbeiningum.

Í sjónlistum kynntust nemendur mismunandi tækni s.s. málun, þrykki, mótun í leir, klippa, líma o.fl. sem hæfir getu hvers og eins. Verkefni eru valin af kennara og hjálpar kennari nemanda að útfæra þau að óskum nemanda, einnig er hlustað á óskir nemenda um verkefnaval. Gerð eru verkefni sem tengjast frumþáttum myndlistar.



Í textílmennt er reynt að nota sem flestar aðferðir s.s. þrjón, útsaum, sauma á saumavél, vefnaður og fleira. Sýnikennsla er megin kennsluáferðin en einnig eru nemendur hvattir til að hjálpa hver öðrum.

Í smíði er markmið kennslunnar að nemendur geti beitt algengum handverkfærum sér til gagns og gamans og breytt hugmynd í áþreifanlegan hlut. Nemendur fengu eina auka kennslustund á viku í smíði svo unnt væri að ráðast í flóknari verkefni og smíðuðu nemendur sér til að mynda kolla, símastand og margt fleira.

Í skapandi skrifum fengu nemendur frjálssar hendur varðandi skrif og útkomu. Voru til að mynda gerðar ritgerðir, kynningar, myndasögur og hlaðvarps þættir.

Í kynfræðslu var farið yfir helstu þætti sem snúa að kynþroska, hver munurinn er á líffræðilegu kyni, kynvitund og kynhneigð. Fjallað um hinseginleikann, virðingu í samskiptum og jafnrétti.

Í spilum var megináhersla lögð á liðsheild og félagsfærni, þar sem nemendur fengu að velja sér spil til að spila við einhvern. Skólabras var tími sem nemendur komu sjálfir með hugmyndina að og fengu þeir að skreyta vegg skólans með hinum ýmsu myndum. Nemendur lærðu þar að nota skjávarpa og varpa mynd á vegg og teikna/mála eftir. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og samvinnu.



Allir nemendur fá þrjár kennslustundir á viku í íþróttum. Áhersla er lögð á að íþróttatímarnir hæfi getu og þroska nemenda og að þeir læri að virða þær reglur sem fara verður eftir í leikjum og öðrum íþróttum. Lögð er áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og líkamsreisn hvers nemanda.

Í sundi fengu nemendur eina kennslustund á viku. Áhersla er lögð á að sundtímar hæfi getu og þroska nemenda, einnig að þeir læri að hlýta fyrirmælum og öryggisatriðum sundstaða og öðlist skilning á þeim hættum sem fylgja sundiðkun. Á miðstigi aukast kröfurnar síðan jafnt og þétt þar sem mikil áhersla er lögð á björgunarsund.

Unnið var þróunarstarf í tengslum við Grænfánaverkefnið þar sem unnið var markvisst að því að efla umhverfisvitund nemenda. Einnig var unnið í heilsuefningu þar sem árlegt

bekkjarsundmót var haldið, nemendur fóru á miðstigsleika og samstarfsdag, farið var í göngu- og hjólaferð og fótboltaleikur spilaður við kennara.

Skólaárið byrjaði með þemavinnu í samskiptum og bekkjarbrag fyrstu vikuna þar sem nemendur unnu þemaverkefni tengd Harry Potter. Að tveimur vikum liðnum voru nemendur búnir að útbúa sameiginlegan bekkjarsáttmála sem nemendur og foreldrar skrifuðu undir á bekkjarkvöldi. Á bekkjarkvöldinu var einnig námsefniskynning þar sem nemendur sýndu foreldrum sínum námsefni vetrarins.

Ljósahátíðin var í lok nóvember, þar sem yngsti og elsti nemandi skólans kveiktu ljósin á útiseríu skólans. Kennarar reyndu að halda uppbroti í lágmarki, þar sem áhersla var lögð á að halda skipulagi eins mikið og unnt var vegna fjölbreytts nemendahóps. Þó var í desember föndurdagur, þar sem nemendur fengu að flakka á milli fjölbreyttra föndurstöðva, jólaþeysudagur og leynivinaleikur. Nemendur fóru í sínar árlegu ferðir, þar sem nemendur í 5. bekk fóru í skauta og menningarferð, 6. bekkur í siglingu og 7. bekkur á Reyki. Í maí var opið hús þar sem nemendur tóku á móti gestum og gangandi og sýndu þeim verk sem unnin höfðu verið um veturinn. Skólaárið endaði með svipuðum hætti og það byrjaði, með tveggja vikna þemavinnu tengdri jákvæðum samskiptum, samvinnu, liðsheild og umburðarlyndi.

## Varmaland

Veturinn byrjaði á samkennslu 1. - 6. bekkjar og seinna bættist 7. bekkur við hópinn. Um miðjan nóvember var aftur gerð breyting og var skiptingin þá 4. – 7. bekkur saman og fengu nýjan umsjónarkennara í kjölfarið. Áhersla var lögð á að vinna áfram með góðan bekkjarbrag og stuðla að jákvæðum samskiptum innan hópsins. Lagt var upp með að hver nemandi gæti notið sín og komið til móts við hann þar sem viðkomandi var staddur í sínu námi. Stuðst var við hefðbundna

bekkjarkennslu á miðstigi: fyrirlestur frá kennara, sjálfstæða vinnu, innlögn, fjölbreytta verkefnavinnu, hlustun, ritun, kennari las námsefnið með og fyrir nemendur og



einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum, stundum þematengdum og reynt var að hafa kennsluna og verkefni fjölbreytt. Heimanám var haft í lágmarki og þá helst bundið við heimalestur og vinna í áætlun í stærðfræði eftir þörfum. Námsmat byggði á símati, á vinnu nemenda, frammistöðu og þátttöku í tímum, kaflaprófum og formlegum annarprófum. Í list- og verkgreinum var haft að leiðarljósi að finna styrkleika hvers og eins. Reynt var að hafa kennsluna bæði bóklega og verklega þar sem að það á við sem og að nýta tæknina og fræðast í gegnum stafræna miðla. Unnið var í einstaklings-, para- eða hópavinnu, sérstaklega var horft til þess að efla færni nemenda til þess að tjá sig og skiptst á skoðunum þvert á tungumál. Einnig var kennd heimilisfræði fyrri hluta vetrar.



Nemendur unnu í áhugasviðsvali að sínum hugðarefnum. Þau settu sér markmið og unnu undir leiðsögn með það sem þau vildu í samstarfi við kennara. Í íþróttum og sundi var markmiðið að nemendur læri helstu grunnhreyfingar, ná færni í að vera þátttakendur í leikjum og upplifi tap og sigra. Einnig að nemendur upplifi hreyfingu á jákvæðan hátt og allir taki þátt og fái útrás fyrir hreyfipörf. Jafnframt fóru nemendur reglulega í búbblu auk kynfræðslu á fyrri hluta árs. Morgungöngur voru fastur liður í vetur. Gengið var í 10 til 15 mínútur þegar veður leyfði.



Hópurinn vann að stefnunni Leiðtoganum í mér og tileinkaði sér venjurnar 7 í daglegu skólastarfi og notuð voru verkefni úr Verkfærakistunni til að bæta bekkjarbraginn. Farið var í Þverárrétt með 4. og 5. bekk síðasta haust og heppnaðist sú ferð vel og höfðu margir nemendur ekki upplifað réttardag áður. Á þemadögum á vorönn var áhersla lögð á að skoða og vinna með fardýr. Öllum skólanum var síðan boðið að kíkja í sauðburð í Bakkakot og höfðu nemendur og starfsfólk gaman af. Samstarf við Leikskólann Hraunborg á Bifröst var gott, elsti árgangur hans kom tvisvar í heimsókn til miðstigs og var tíminn nýttur í stærðfræðispil, leiki og kynningu á skólanum.



Í íþróttum og sundi var markmiðið að nemendur læri helstu grunnhreyfingar, ná færni í að vera þátttakendur í leikjum og upplifi tap og sigra. Einnig að nemendur upplifi hreyfingu á jákvæðan hátt og allir taki þátt og fái útrás fyrir hreyfipörf. Sundkennslan þennan veturinn tók mið af fjölda Úkraínu barna og miðaðist við þarfir þeirra. Líkamsmælingar voru framkvæmdar að hausti og vori. Mælingar voru Skógarhlaup (Valsholts hringurinn 2,0 km), píptest og styrktarmælingar. Svæðið í kring um skólann var nýtt sem best var á kosið til fjölbreyttra verkefna. Nemendur fóru í skíðaferð í Bláfjöll um miðjan febrúar og gekk ferðin vonum frammar. Fyrir árshátíðina var ákveðið að leyfa hæfileikum nemenda að njóta sín og fengu nemendur á miðstigi tækifæri til þess að búa til og setja upp sitt eigið atriði. Afraksturinn var stórgóður og óhætt að segja að allir hafi farið sáttir heim. Miðstigið sótti jólatré í Varmalandsskóg sem þau settu upp á bláa ganginum og fullskreyttu. 4., 5. og 6. bekkur tóku þátt í 17. júní hlaupinu sem fram fór í byrjun júní og er samstarfsverkefni milli skólans og UMF. Stafholtstungna.



## Unglingastig

Kennarar á unglíngastigi í GBF áttu fasta vikulega fundartíma í vetur með stígsstjóra unglíngastígsins. Rædd voru mál tengd skipulagi námsins, námsmati, þemadögum og ýmissa annarra sameiginlegra viðburða. Einnig voru ýmis mál borin upp varðandi fjölbreytta

kennsluhætti og hvernig best væri að mæta þörfum fjölbreytts nemendahóps. Kennarateymin deila hugmyndum sínum og verkefnum á sameiginlegri síðu stigsins og þannig hefur myndast verkefnabanki í námsgreinum og einnig þematengd verkefni. Er ánægja með þetta fyrirkomulag, fundirnir nýtast vel, eru stuttir og markvissir og ekki fundað ef ekki er þörf til.

Ingibjörg Adda Konráðsdóttir

## Kleppjárnareykir

Samstarf unglíngastigsins er mikið og saman fer hópurinn í hópeflisferð á hverju hausti með umsjónarkennurum og þeim sem koma mest að þeim í starfinu. Í haust var farið í Einkunnir þar sem farið var í ratleik og grillað en svo farið í Brautartungu í Lundarreykjadal. Þar var m.a. unnið að markmiðum vetrarins hvað sneri að samskiptum og farið í ýmsa samhrístingsleiki.

Nemendur tóku þátt í dans- og félagsfærni námskeiði hjá Jóni Pétri sem kom á allar deildir í eina viku í haust ásamt því að koma aftur í febrúar. Í lok skólaársins fóru



unglíngadeildir GBF saman í vorferð í stað skíðaferðar, en ferðinni var heitið í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinn og svo í sund og ís. Nemendafélagið bauð í garðinn sem var mjög rausnarlegt.

Í vetur hélt þátttaka unglíngastigsins í Erasmus+ verkefni áfram ásamt skólum frá Lettlandi, Rúmeníu, Tékklandi, Spáni og Portúgal. Yfirskrift verkefnisins er “Living and learning in natural and green environment “. Í vetur fóru nemendur frá GBF til Portúgal, Spánnar, Lettlands og Tékklands, og er þátttöku okkar í verkefninu því lokið. Nemendur lærðu mikið á þessum ferðum og mikil vinátta myndast á milli landa sem mun endast löngu eftir lok þessa verkefnis.

Líkt og síðustu ár hefur teymiskennsla verið við lýði á unglíngastigi og var enn eitt skrefið stigið í þá átt í vetur. Engir skilgreindir umsjónarhópar voru í vetur heldur gátu nemendur leitað jafnt til umsjónarkennaranna. Í foreldraviðtölum völdu nemendur hjá hvorum kennara viðtalið yrði.

Nemendum var ýmist kennt í sínum árgöngum eða öllum saman. Mikil áhersla var lögð á sjálfstæði nemenda og að þeir sýndu ábyrgð á sínu námi. Fyrri hluta vetrar var mikil áhersla lögð á að nemendur nýttu sér



mentor til að halda utan um það sem lá fyrir auk þess að nemendum var kennt markvisst að nota möguleika office365 í náminu með því að leggja fyrir rafræn verkefni og vista verkefni sín á skýi. Símat var í nánast öllum námsgreinum þar sem námið byggir á lotum sem nemendur vinna á sínum hraða. Þetta fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir og stefnum við að því að halda því áfram. Nemendur hafa tekið hlutapróf til viðbótar við lotuvinnuna auk stærri samþættra verkefna.

Í íslensku og stærðfræði voru haldin lokapróf í maí þar sem nemendur máttu koma með eigin glósur í próf.

Árshátíð Kleppjárnsreykjadeildar var haldin með öllum stigum og sýndu nemendur unglिंगadeildar leikritið Shrek. Allir nemendur komu að uppsetningunni á einhvern hátt, sem leikarar, tæknifólk, búningahönnun o.s.frv.

Nemendur fengu fjórar kennslustundir á viku í íþróttum. Áhersla var lögð á að íþróttatímarnir hæfðu getu og þroska nemenda og að þeir lærðu að virða þær reglur sem fara verður eftir í leikjum og öðrum íþróttum. Lögð var áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja

grunn að þreki og líkamsreisn hvers nemanda. Sund var ein kennslustund á viku og eiga nemendur að vera búnir að ná tökum á bringusundi, skriðsundi, baksundi, flugsundi og björgunarsundi.

Valtímar á unglिंगastigi eru sex kennslustundir á viku auk

áhugasviðsvals. Nemendur völdu sér fag fjórum sinnum yfir veturinn.

Valáfangar veturinn 2022-2023 voru:

- Eurovision- nemendur fræddust um sögu keppinnar og skoðuðu sérstaklega keppnina í ár.
  - Fyrsta hjálp- nemendur lærðu grunn í fyrstu hjálp og luku valinu á björgunaráringu.
  - Grunníþróttir og íþróttifræði - áhersla á skilning nemenda á eigin líkama, úthaldi og styrk.
  - Gönguval- nemendur fóru í stuttar göngur í nágrenni skólans, lærðu um útbúnað og nærumhverfið.
  - Heimilisfræði - Unnið var með mismunandi aðferðir við bakstur og fengu nemendur tækifæri til að leita sér af uppskriftum, athuga með hráefni og útfæra í kennslustund.
- Kynntust nemendur mikilvægi þrifa í eldhúsi og skipulags í bakstri.

· Ítölsk matargerð

· Jólaval- nemendur unnu að skreytingum í skólanum, settu m.a. upp jólahorn þar sem jólasaga var lesin á hverjum morgni á aðventunni.

· Kvikmyndagerð- nemendur kynntust mismunandi formum kvikmynda, lærðu grunn atriði í handritagerð og skiluðu stuttmynd.

· Kynjafræði- Áhersla á helstu hugtök kynjafræði, staðalímyndir og sögu jafnréttisbaráttunnar.

· Leður - Nemendur gerðu eitt skyldustykki sem fólst í að handsauma, setja í smellu, lita og skera mynd út í leður.

Leirval - Nemendur lærðu undirstöðuatriðin í leirgerð og gerðu fjöldann allan af leirmunum, einnig fengu nemendur að prufa steinsteypumassa.


· Listasaga- nemendur skoðuðu mismunandi tímabil og mismunandi listamenn.

· Námstækni- nemendur lærðu á ýmis tæki og tól sem fylgja Office 365 auk aðferða í glósutækni og skipulagi.





- Smíði - Nemendur fengu að útfæra sínar eigin hugmyndir s.s hafnaboltakylfur, ýmsa rennda hluti, borð, hillur og margt fleira.
- Spilaval- Unnið var með samskipti, orðaleiki, stærðfræði og rökhusun í fjölbreyttum spilum. Einnig kynntu nemendur og kenndu öðrum spil sem þeir komu með að heiman.
- Textíll - Nemendur völdu sér verkefni að eigin vali allt frá útsaum upp í þrjónaðar og heklaðar flíkur. Einnig gerðu nemendur tvöfalda tösku og skreyttu að vild.
- Upplýsingamennt - Nemendur lærðu á grunnforrit í Office365 auk einfaldrar forritunar. Jafnframt fengu nemendur fræðslu um námstækni og glósutækni.
- Útival – nemendur hjuggu eldivið og unnu í viðhaldi í Logalandsskógi og á útikennslusvæði skólans.
- Þrívídd- nemendur lærðu að búa til þrívíddarskúlptúra úr ýmsum hráefnum



Textíll var fjórum sinnum í boði – í tvö skipti völdu nemendur sér verkefni að eigin vali allt frá útsaum upp í þrjónaðar og heklaðar flíkur. Í þriðja valinu var lögð áhersla fylgihluti s.s. slaufur hatta o.fl. Í fjórða valinu völdu nemendur sér einhverja flík til að sauma s.s. boli, buxur peysur o.fl.

Leirval var tvisvar í boði - Nemendur lærðu undirstöðuatriðin í leirgerð og gerðu fjöldan allan af leirmunum.

Vatnslitamálun – Nemendur unnu ýmis verk og gerðu tilraunir með vatnslitum.

Smíði - Nemendur fengu að útfæra sínar eigin hugmyndir s.s hafnaboltakylfur, ýmsa rennda hluti, borð, hillur og margt fleira.

Jólaval- Nemendur einbeittu sér á að skreyta matsal skólans með heimatilbúnu jólaskrauti. T.d gerðu þau arinn og lásu fyrir þá nemendur sem vildu hlusta hverjum morgni í desember.

Skrautskrift – Nemendur bjuggu til sitt eigið letur og skrifuðu með því jákvæð skilaboð sem voru hengd upp á vegg í skólanum. Nemendur gerðu einnig bók sem þau söfnuðu í því besta sem þau höfðu gert.

Þrívídd – Nemendur unnu þrívíð verkefni úr endurnýtanlegum efnum s.s. sokkabuxum, gömlum römmum og gömlum bókum.

## Varmaland

### Unglingastig

Veturinn hefur verið flókinn og miklar breytingar orðið á skólaárinu. Nemendur voru 20 talsins í upphafi skólaársins í 7.-10.bekk. Við endurskoðun í október var 7.bekkur færður til og því einungis 8.-10.bekkur í sama hóp. Hópastærðin sveiflaðist frá 20 niður í 14 og síðar aftur upp í 17. Nemendahópurinn hefur verið fjölbreyttur vegna aðstæðna í samfélaginu og kennarar hafa tekið þeirri áskorun að mæta þörfum þeirra ásamt því að byggja enn frekar á styrkleikum nemenda og kennara til faglegs náms í unglingadeild. Fyrir áramót fengum við einnig kennaranema sem var með okkur tvo daga í viku. Kennsluáætlanir fyrir veturinn voru gerðar og birtar á Mentor.



Kennsluaðferðir eru margvíslegar og fer það gjarnan eftir verkefnum hverri þeirra er beitt í hvert sinn þó svo að yfirleitt séu margar í gangi í senn. Nemendur vinna gjarnan eftir áætlunum í hverju fagi ásamt því að vinna að sameiginlegum verkefnum bæði sem einstaklingar og í hópum. Heimanám var mestmegnis fólgið í heimalestri, stærðfræðiverkefnum, undirbúningi fyrir aðra fagkennslu og undirbúning fyrir verkefni eða kannanir. Vægi heimanámsins hefur minnkað nokkuð þó að gerð sé krafa um heimalestur og vinnu í ákveðnum verkefnum. Heimalestur er þó mjög mikilvægur í samfélags- og raungreinum að ekki sé talað um að lesa sér til upplýsingar og ánægju. Mörg verkefni í skólanum eru unnin á rafrænan hátt þó að hefðbundið bóknám spili enn stóran sess í námi í unglingadeild. Í vetur sem fyrr er unnið með samþættingu námsgreina í verkefnavinnu, þemavinnu og minni verkefnum þar sem nemendur hafa getað haft áhrif á umfjöllunarefni og einnig skilaform þeirra til námsmats. Stór hluti námsmats byggir á símati, s.s. vinnu nemenda í tímum, skil á verkefnum, samvinnu, samskiptum og skapandi skilum. Verkefni nemenda eru metin og gjarnan gefin leiðbeinandi endurgjöf þar sem nemendur geta lagað og bætt það sem þarf til að öðlast frekari færni í vinnu sinni. Í íslensku, stærðfræði og náttúrufræði er byggt á lotunámi þar sem nemendur taka könnun í lok hvernar lotu eða skila verkefni til mats. Lagt er upp með að hver nemandi geti notið sín með fjölbreyttum verkefnum og námslotum. Kennsla var fjölbreytt og reyndi á mismunandi þætti hjá nemendum þar sem unnið var á margvíslegan hátt úr námsefninu hverju sinni. Helstu verkefni í vetur voru m.a. hópeflisferð með unglingastig GBF í upphafi vetrar, verkleg verkefni eins og hönnun farartækis, um náttúruhamfarir og fleira skemmtilegt. Hópurinn hefur einnig fengið margvíslega fræðslu í vetur m.a. fyrirlesturinn „Fokk mí fokk jú“, forvarnarfræðslu og fræðslu um geðheilbrigði. Nemendur sem tóku þátt í Erasmus+ verkefni skólans, „Living and learning in natural and green environment“, tóku þátt í lokavinnu við verkefnið. Farið var í heimsóknir til Portúgals, Spánar, Lettlands og Tékklands sem hluta af verkefninu. Nemendur stóðu sig vel og voru skólanum til sóma. Íþróttir voru úti, inni og í sundlaug. Þrjár tímar á viku í íþróttum og einn í sundi. Markmiðið var að nemendur læri helstu grunnhreyfingar, ná færni í að vera þátttakendur í leikjum og upplifi tap og sigra. Að nemendur upplifi hreyfingu á jákvæðan hátt og allir taki þátt og fái útrás fyrir hreyfiþörf. Sundkennsla fer fram með hefðbundnum hætti. Kennslan miðar að niðurbroti sunds þar sem einstaka þættir sundsins eru þjálfaðir.





Líkamsmælingar eru framkvæmdar að hausti og vori. Mælingar eru Skógarhlaup (Valsholts hringurinn 2,0 km), píptest og styrktarmælingar. Svæðið í kring um skólann nýtt sem best var á kosið til fjölbreyttra verkefna.

Hreyfing og heilsa – Eitt val var í boði í vetur og var það blak. Þar var farið í gegnum grunnæfingar í blaki.

Nemendur tóku þátt í dans- og félagsfærni námskeiði hjá Jóni Pétri sem kom á allar deildir í eina viku í haust. Árshátíð var haldin í mars þar sem allir nemendur Varmalandsdeildar unnu saman að því að setja upp hæfileikasýningu og skemmtidagskrá fyrir foreldra og aðra gesti. Á vordögum tók allur skólinn þátt í Fjölgreindarleikum sem tókust einstaklega vel. Að lokum var farið í vorferð til Reykjavíkur þar sem 7.-10. bekkur skemmti sér í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Félagslíf nemenda er í þeirra höndum og voru margvíslegar uppákomur eins og sameiginleg böll með nágrannadeildum/skólum, bíókvöld og Eurovision kvöld sem nemendaráð skipulagði ásamt því að nemendur sækja í félagsmiðstöðina Óðal í Borgarnesi.



## Hugleiðsla og slökun

Líkt og undanfarin tvö skólaár var haldið áfram með velferðarverkefnið á öllum starfsstöðvum GBF. Í upphafi skólaárs fengu allir nemendur á elsta stigi að mæta í þrjú skipti og eftir það var það frjálst val hjá unglingadeildinni. Allir nemendur höfðu aðgang að einum til tveimur tímum á viku. Að auki var boðið upp á opna tíma sem nemandi gat óskað eftir að fá að nýta. Í upphafi skólaárs var unnið með gildin og fantasíu í gegnum sögur og var sagan um Silfurblómið fyrir vali þetta árið. Farið var í leiddar hugleiðslur, hlustað á tónlist og hljóðmyndir og léttar jógastöður sem hæfa því rými sem er til afnota. Hver nemandi fékk eina jógaúnu, púða og teppi til afnota.

Eðli náms

- Nánd og eftirtekt í sambandi við sjálfan sig og aðra
- Plássið er stærð jógaúnnunar
- Vera opin og forvitinn, minna dæmandi og skilgreinandi
- Athygli á upplifunina frekar en keppni
- Virðing fyrir hvert öðru
- Sameiginleg ábyrgð að búa til gott andrúmsloft

Elísabet Halldórsdóttir

## Nemendaráð

Nemendaráð GBF tók til starfa eftir sumarleyfi í október. Haldnar voru kosningar á hvorri starfsstöð, Kleppjárnsreykjum og Varmalandi, og var ákveðið að 4 nemendur kæmu frá Kleppjárnsreykjum og tveir frá Varmalandi auk varamanns. Frá Varmalandi voru Sigurður Örn og Guðmar kosnir, báðir í 10. bekk og Jón Bjarni (9. b.) til vara. Á Kleppjárnsreykjum voru Ernir Daði (10. b.), Steinunn Bjarnveig og Hlynur Blær (9. b.) og Erla (8. b.). Um mitt ár voru mannbreytingar þegar Guðmar kvaddi hópinn og hélt í nýjan skóla og kom þá Jón Bjarni inn

sem aðalmaður. Fundir fóru aðallega fram á Teams í vetur og gekk það vel en staðfundir voru færri en oft áður. Starfið gekk heilt yfir vel og ráðið vann mjög vel saman.

### Starf vetrarins

Fyrstu fundir nemendaráðsins voru nýttir til þess að skipuleggja komandi skólaár og setja upp áætlun fyrir það sem þyrfti að gera. Ákveðið var að miða við að hafa 1-2 viðburði, að böllum meðtöldum, í hverjum mánuði.

Starfið í haust byrjaði á hrekkjavökuundirbúningi. Á Kleppjárnsreykjum var draugahús undirbúið daginn fyrir hrekkjavöku og síðan var nemendum boðið að koma í heimsókn fimmtudaginn 27. október. Eftir hádegi þann dag var síðan haldið hrekkjavökuball á Varmalandi og Kleppjárnsreykjum sem fulltrúar nemendaráðs á báðum deildum skipulögðu fyrir yngri nemendur skólans.

Mesta púðrið fram að áramótum fór í að undirbúa jólaballið sem haldið var í Pinghamri 30. nóvember. Ballið var vel sótt og mættu um 110 unglingar af Vesturlandi og skemmtu sér vel. Helgi Rafael kom sem DJ kvöldsins og hitaði Siggi Davíðs vel upp áður en hann mætti á svæðið. Allt fór vel fram og fékk nemendaráð mikið lof fyrir sína frammistöðu.

Í janúar var síðan haldið myndakvöld á Kleppjárnsreykjum, pöntuð var pizza og spilað borðtennis auk þess var fyrsta ball ársins haldið í Búðardal í upphafi árs. Um mánuði seinna var haldið PubQuiz á Varmalandi sem heppnaðist vel og var mikið keppniskap í fólki. Á öskudaginn stóð nemendaráðið aftur fyrir skemmtun í anda Halloween fyrr á árinu. Í maí var Eurovision-kvöld haldið á Kleppjárnsreykjum og af því tilefni var boðið uppá pylsur og tilheyrandi.

Nemendaráðið var mjög ákveðið í að byggja upp góðan fjárhag og því var ákveðið að halda páskabingó í lok mars. Bingóið var vel sótt og safnaðist nægur peningur til þess að eiga fyrir vorferðinni 1. júní en þar fóru nemendur í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í boði nemendaráðs.

Nemendur voru duglegir að sækja böll og skemmtanir á Vesturlandi eins og SamVest, Lyngbrekkuballið og Æskulýðsballið svo eitthvað sé nefnt. Að lokum var haldin árshátíð Óðals í Hjálmakletti 5. júní þar sem nemendur á unglíngastigi hittust, borðuðu saman og dönsuðu fram á kvöld. 7. bekk var boðið að koma á ballið og komu nokkrir úr GBF.

Ólafur Daði Birgisson



### Smiðjuhelgar 8.- 10. bekkur

Smiðjuhelgarnar eru hluti af skólastarfinu og auka mjög fjölbreytni námsvals nemenda. Stundatafla unglínganna er einni kennslustund styttri en lögboðið er og bæta smiðjuhelgarnar þeim þann tíma upp. Nemendum Auðarskóla, Laugargerðisskóla og Reykhólaskóla hefur verið boðið að taka þátt í smiðjunum með GBF síðustu ár.

Fyrri smiðjuhelgin var haldin dagana 30. september til 1. október á Kleppjárnsreykjum og þá voru eftirtaldar smiðjur í boði:

- Frisbígolf, leiðbeinandi Narfi Jónsson

Nemendur fá að kynna frísbíggjufélag í þróttinni. Spila saman, læra grunnatriði og fleira.

- Kvikmyndagerð, leiðbeinandi Þórður H Guðjónsson  
Farið var í grunnatriði í kvikmyndagerð, klippingu og hljóðupptökum.
- Myndlist/teikning kennari Eva Lind Jóhannsdóttir

Unnið með andlitsmyndir sem var breytt í svarthvíta skuggamynd í tölvu og varpað upp á vegg. Nemendur teikna útlínur og mála síðan myndina.

- Björgunarsveitarsmiðja, leiðbeinendur frá björgunarsveitinni Oki  
Í þessari smiðju kynna aðilar á vegum björgunarsveitanna í héraði björgunarsveitarstörf og gefa nemendum tækifæri á ýmsum verkefnum sem snúa að störfum björgunarsveita.
- Kökuskreytingasmiðja, kennari Eva Lára Vihjálmsdóttir

Mismunandi kökur skoðaðar og farið yfir helstu aðferðir og skipulag. Til dæmis: kóngabráð skraut, sykurmassa, marzipan, súkkulaði og smjörkrem

Draumakakan: Tveir saman í hóp ákveða draumaköku og velja þá það hráefni eða aðferð sem þeir hafa kynnst á námskeiðinu.

Seinni smiðjuhelgin var haldin að Varmalandi dagana 14. og 15. apríl og voru þá þessar smiðjur í boði:

- Blak, leiðbeinandi Lydia Rós

Í þessari smiðju kynntust nemendur blakíþróttinni frá grunni og lærðu tókin í fingurslagi og fleyg/bagger. Æfðu blokk, smass og spiluðu auðvitað og kepptu aðeins.

- Leiklist, leiðbeinandi Eva Ösp Matthíasdóttir

Lögð var áhersla á að stækka þægindarhringinn, efla sjálfstraust og tjáningu í formi leikja. Nemendur fóru í skemmtilega leiki saman, gerðu örleikrit, spunaæfingar og margt fleira.

- DJ smiðja leiðbeinandi Dóra Júlía

Farið var yfir ýmislegt sem tengist plötusnúðastarfinu fyrir áhugasama og upprennandi plötusnúða.

- Tækið -smiðjan leiðbeinandi, Rögnvaldur Þorbjarnarson

Námskeiðið var kennt á skemmtilegan máta í gegnum netið með notkun myndbanda.

Nemendur fengu í hendurnar pakka sem innihélt rafmagns íhluti sem notaðir voru til að framkvæma fjölbreytt verkefni. Nemendur lærðu að tengja og forrita einfaldar rafmagns rásir með notkun Arduino örtölvu.

- Spilasmiðja leiðbeinendur á vegum Spilavina

Nemendum kynnt fjölbreytt borðspil.

- Juggl-smiðja leiðbeinandi Jörgen Nilsson

Í þessari smiðju lærðu nemendur að juggla 3-6 hlutum. Fyrst var farið yfir grunnatriði tækninnar og mikilvægi þolinmæði og einbeitingar. Með auknu sjálfstrausti náðu nemendur leikni í að juggla fleiri hlutum og vinna saman.